# Íslandssjóðir hf.

Árshlutareikningur 2009



Íslandssjóðir hf.
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
Kt. 690694-2719

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandssjóðir hf. var upprunalega stofnað árið 1994 og nefndist þá Rekstrarfélag VÍB hf. Íslandssjóðir er sérhæft félag á sviði eignastýringar og sér meðal annars um rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, en varsla sjóðanna er hjá Íslandsbanka hf. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. og hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning rekstrarfélagsins og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Í lok júní 2009 voru 15 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 129.525 milljónum króna. Tveir sjóðir sem eru skráðir í Lúxemborg eru í stýringu félagsins og nam hrein eign þeirra 3.040 milljónum króna.

Þann 17. október 2008 beindi Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til rekstrarfélaga verðbréfasjóða að grípa til aðgerða sem leiði til slita á peningamarkaðssjóðum félaganna og tók stjórn rekstrarfélagsins ákvörðun um að slíta þeim sjóðum í samræmi við þau tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Peningamarkaðssjóðirnir í NOK, USD og EUR eru í slitaferli þar sem áhersla er lögð á að slíta þeim sjóðum um leið og allar eignir innheimtast.

Sjóðum 1 og 11 var skipt upp í A og B deildir á árinu 2009 þar sem A deildir munu starfa áfram og opna fyrir viðskipti þann 30. janúar 2010, en B deildum verður slitið eftir því sem eignir innheimtast. Sjóðir, sem hefur verið lokað og ekki er búið að slíta, eru metnir á væntanlegu upplausnarvirði. Heimssafnið, sem var lokað tímabundið eftir október 2008, opnaði fyrir innlausnir á árinu 2009.

Í byrjun október 2008 voru sett neyðarlög á íslenskum fjármálamarkaði með lögum nr. 125/2008. Með setningu neyðarlaganna voru innlán gerð að forgangskröfum við gjaldþrot fjármálafyrirtækis, skuldabréf voru sett aftar í röð kröfuhafa og hafði það þau áhrif að vænt endurheimtuhlutfall og þar með verðmæti bréfanna lækkaði verulega.

Í lok júní 2009 ríkti enn mikil óvissa um raunvirði margra fjármálagerninga, þar á meðal í sjóðum í rekstri Íslandssjóða. Óháðir aðilar voru fengnir til að verðmeta eignir sjóðanna í júní 2009, og í kjölfarið var beitt enn frekari varúðarafskriftum. Til þess að tryggja hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa óskaði félagið eftir skuldajöfnun gagnvart kröfum Glitnis banka hf. þar sem það átti við. Enn ríkir þó óvissa um endanlega niðurstöðu slíkra skuldajafnana.

Á árinu hefur verið unnið mikið uppbyggingarstarf til að bregðast við gjörbreyttum aðstæðum á fjármálamarkaði. Íslandssjóðir hafa verið í fremstu röð þegar kemur að stýringu ríkisskuldabréfa, en það sem af eru þessu ári hafa ríkisskuldabréfasjóðir Íslandssjóða sýnt bestu ársávöxtun miðað við sambærilega sjóði.

Lögð hefur verið mikil áhersla á gegnsæi verðbréfasjóða og gott upplýsingaflæði til viðskiptavina, en um leið að nýta sem best þau fjárfestingartækifæri sem bjóðast. Íslandssjóðir voru fyrstir á markaðnum til að stofna nýjan verðbréfasjóð eftir efnahagshrun, Ríkissafnið, en aldrei í sögu félagsins hefur nýjum verðbréfasjóði verið jafn vel tekið á svo skömmum tíma. Á annað þúsund hlutdeildarskírteinshafar eru í Ríkissafninu og er hrein eign sjóðsins þann 30. júní 13.465 milljónir króna.

Í vor var Eignasafnið sett á fót, en markmið þess sjóðs er að ná góðri langtímaávöxtun með sem minnstri áhættu og nær stýring eigna bæði til skuldabréfa og hlutabréfa, auk innlána. Eignasafnið er nýr valkostur fyrir viðskiptavini sem vilja eiga kost á eignastýringu á minni söfnum.

Í apríl var haldinn aðalfundur félagsins og ný stjórn kjörin. Lögð var áhersla á að hafa stjórnina óháða Íslandsbanka, en þrír af fjórum stjórnarmönnum eru óháðir og er það í takt við stefnu Íslandssjóða sem ávallt hefur lagt metnað sinn í að hafa óháða stjórn.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandssjóðir hafa ávallt lagt metnað sinn í að vera í fararbroddi í upplýsingagjöf meðal rekstrarfélaga á Íslandi. Ný vefsíða fór í loftið, www.islandssjodir.is, en nýjum vef Íslandssjóða er ætlað að auka enn frekar gegnsæi og upplýsingagjöf til viðskiptavina. Þar má meðal annars finna verklagsreglur, reglur um áhættustýringu og aðferðafræði við stýringu verðbréfasjóða, ítarlegar upplýsingar um Íslandssjóði og verðbréfasjóði félagsins, svo sem upplýsingablöð, ávöxtunartölur, útboðslýsingar og ársskýrslur Íslandssjóða.

Mikil áhersla hefur verið lögð á viðskipta- og vöruþróun á árinu og munum við halda því áfram til þess að aðlaga fjárfestingartækifæri sjóðanna að breyttum markaðsaðstæðum. Allt kapp hefur verið lagt á, að ná sem bestum endurheimtum krafna og greiða út svo fljótt sem auðið er til þeirra hlutdeildarskírteinishafa sem eiga bundið fé í slitasjóðum.

Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður af rekstri félagsins fyrstu sex mánuði ársins að fjárhæð 164 milljónir króna. Eigið fé félagsins í árslok nam 1.195 milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall félagsins er mjög sterkt, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, eða 175,5%_en lögbundið lágmark er 8%.

Hlutafé félagsins nam í lok júní 25 milljónum króna og er í eigu Íslandsbanka hf. og dótturfélaga hans.

Í lok júní störfuðu 16 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur á tímabilinu 83 milljónum króna.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2009

Stjórn:

Steinunn Bjarnadóttir

Ársæll Valfells

Bolli Héðinsson

Elín Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Agla Elísabet Hendriksdóttir

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Íslandssjóða hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Íslandssjóða hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009. Árshlutareikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta og B-hluta. A-hlutinn nær yfir rekstrarfélagið sjálft en B-hlutinn nær yfir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. A-hlutinn hefur að geyma rekstarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar fyrir rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri niðurstöðu sem af könnun okkar leiðir.

### *Umfang könnunar*

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlegan endurskoðunarstaðal og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

### *Niðurstaða*

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á tímabilinu, efnahag þess pr. 30. júní 2009 og breytingu á handbæru fé og hreinni eign sjóðanna á tímabilinu, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

### *Ábending*

Án þess að gera um það fyrirvara í áliti okkar viljum við vekja athygli á yfirlitum um fjárfestingar fyrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóði en þar fjalla stjórnendur um mat fjármálagerninga og óvissu sem tengist uppgjöri afleiðusamninga og skuldajöfnun við Glitni banka hf.

Reykjavík, 31. ágúst 2009

**Deloitte hf.**

Páll Grétar Steingrímsson

Pálína Árnadóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2009

## 1. janúar til 30. júní 2009

| | Skýringar | 2009 1.1.-30.06 | 2008 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Umsýsluþóknun | 2 | 506 | 1.009 |
| Fjármunatekjur | | 72 | 45 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 1 | 0 |
| **Heildartekjur** | | 579 | 1.054 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 579 | 1.054 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 83 | 153 |
| Þjónustugjöld til Glitnis banka hf. og Íslandsbanka hf. | | 205 | 489 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 97 | 81 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | 386 | 722 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 193 | 331 |
| Tekjuskattur | 8 | ( 29) | ( 47) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 164 | 284 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2009

| | Skýringar | 30.06.2009 | 31.12.2008 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Verðbréf** | | | |
| Hlutdeildarskírteini | 3 | 147 | 157 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á tengd félög | | 210 | 303 |
| Aðrar kröfur | | 0 | 21 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Bankainnstæður | | 1.318 | 1.989 |
| **Eignir samtals** | | 1.675 | 2.470 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við tengd félög | | 328 | 321 |
| Reiknaðir skattar | 8 | 29 | 118 |
| Aðrar skuldir | | 123 | 999 |
| **Skuldir samtals** | | 480 | 1.439 |
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Hlutafé | | 25 | 25 |
| Lögbundinn varasjóður | | 6 | 6 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.164 | 1.000 |
| **Eigið fé samtals** | | 1.195 | 1.031 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 1.675 | 2.470 |

# Yfirlit um sjóðstreymi

## 1. janúar - 30. júní 2009

| | Skýringar | 2009<br>1.1.-30.6 | 2008<br>1.1.-30.6 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins ........................................................................................ | 7 | 164 | 284 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Gengislækkun / (hækkun) verðbréfa .......................................................... | | 10 | ( 4) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum...................................... | | ( 845) | 177 |
| Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri | | ( 671) | 457 |
| (Lækkun)/Hækkun á handbæru fé | | ( 671) | 457 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 1.989 | 256 |
| Handbært fé í lok tímabils | | 1.318 | 713 |

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Árshlutareikningur Íslandssjóða hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um árshlutareikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum. Félagið er dótturfélag Íslandsbanka hf. Árshlutareikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

### *Umsýsluþóknun*

2. Félagið fær umsýsluþóknun fyrir rekstur Verðbréfasjóða, Fjárfestingarsjóða og Fagfjárfestasjóða Íslandssjóða. Einnig fær félagið umsýsluþóknun fyrir rekstur á ISB Mutual Fund og ISB Hedge Fund í Luxembourg. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs og innifelur meðal annars laun starfsmanna félagsins, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðanna. Félagið fær einnig árangurstengda þóknun vegna sjóða og eignasafna í stýringu fari þessir sjóðir eða eignasöfn umfram skilgreind viðmið.

### *Verðbréf*

3. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gilti á markaði í lok júní. Í desember 2008 keypti félagið hlutdeildarskírteini í Novator Credit Opportunities Fund af Sjóð 9.3 USD að fjárhæð 86,7 milljónir króna. Í lok júní var markaðsvirði þessara verðbréfa 62,0 milljón króna. Novator Credit Opportunities Fund er nú í slitameðferð og óvissa um verðmæti hlutdeildarskírteina sjóðsins.

### *Starfsmannamál*

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 30.6.2009 | 30.6.2008 |
|---|---|---|
| Laun ........................................ | 68 | 129 |
| Launatengd gjöld ........................................ | 15 | 25 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 83 | 153 |

| Starfsmannafjöldi á tímabilinu var sem hér segir: | 30.6.2009 | 30.6.2008 |
|---|---|---|
| Starfsmenn | 17 | 15 |

### *Eigið fé*

5. Hlutafé félagsins nemur 25 milljónum kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

6. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2008 | 25 | 6 | 327 | 358 |
| Framlag í lögbundinn varasjóð ............. | | | 0 | 0 |
| Hagnaður tímabilsins ........................... | | | 284 | |
| Eigið fé 30.6.2008 | 25 | 6 | 611 | 642 |
| Framlag í lögbundinn varasjóð ............. | | | 0 | |
| Hagnaður tímabilsins ........................... | | | 389 | |
| Eigið fé 31.12.2008 | 25 | 6 | 1.000 | 1.031 |
| Hagnaður tímabilsins ........................... | | | 164 | |
| Eigið fé 30.06.2009 | 25 | 6 | 1.164 | 1.195 |

7. Eigið fé í lok tímabilsins er 1.195 þús. kr. eða 69% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 175,4% en lágmarks eiginfjárhlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig :

| | |
|---|---|
| Heildar eigið fé ........................................................................................................ | 1.031 |

Heildar eiginfjárkrafa greinist þannig :

| | |
|---|---|
| Útlánaáhætta ........................................................................................................ | 38 |
| Markaðsáhætta ........................................................................................................ | 9 |
| Rekstraráhætta ........................................................................................................ | 0 |
| Eiginfjárkrafa ........................................................................................................ | 47 |
| Eiginfjárhlutfall ........................................................................................................ | 175,5% |

### Skattamál

8. Opinber gjöld vegna rekstrartímabilsins hafa verið reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu.

# Verðbréfasjóðir Íslandssjóða

Árshlutareikningur
30.júní 2009



ÍSLANDSSJÓÐIR

# Rekstrarreikningur

## 1. janúar til 30. júní 2009

| | Skýr. | Sjóður 1A | Sjóður 1B | Sjóður 5 | Sjóður 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | |
| Vextir, verðbætur, arður og gengismunur ................ | | (6.962) | (1.291) | 972 | (79) |
| Vaxtagjöld............................................................... | | (0) | (0) | (5) | (1) |
| **Hreinar fjármunatekjur (gjöld)** | 3-4 | (6.963) | (1.291) | 967 | (80) |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Umsýsluþóknun ...................................................... | 5 | 106 | 11 | 88 | 1 |
| Annar rekstrarkostnaður .......................................... | | 3 | 0 | 3 | 0 |
| **Rekstrargjöld alls** | | 109 | 11 | 91 | 1 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini** | | (7.072) | (1.302) | 876 | (81) |

| Sjóður 7 | Sjóður 11A | Sjóður 11B | Heimssafn | Ríkissafn | Samtals 2009 1.1.-30.6. | Samtals 2008 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.430 | (636) | (21) | 162 | 434 | (5.992) | 9.377 |
| (3) | 0 | (0) | (1) | (4) | (14) | ( 160) |
| 1.427 | (636) | (21) | 161 | 430 | (6.005) | 9.217 |
| 118 | 22 | 0 | 6 | 25 | 376 | 390 |
| 5 | 1 | 0 | 0 | 1 | 14 | 4 |
| 123 | 23 | 0 | 6 | 26 | 390 | 394 |
| 1.303 | (658) | (21) | 155 | 405 | (6.396) | 8.823 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2009

| | Skýr. | Sjóður 1A | Sjóður 1B | Sjóður 5 | Sjóður 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | |
| **Fjárfestingar** | | | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum.................... | | 13.820 | 1.822 | 16.495 | 0 |
| Hlutabréf ................................................ | | 0 | 0 | 0 | 260 |
| Hlutdeildarskírteini .................................. | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ................. | | 3.006 | 0 | 0 | 0 |
| Afleiðusamningar .................................... | | 91 | 16 | 0 | 0 |
| **Fjárfestingar samtals** | 6-10 | 16.917 | 1.838 | 16.495 | 260 |
| **Aðrar eignir** | | | | | |
| Handbært fé ............................................ | | 1.283 | 140 | 11 | 0 |
| Aðrar eignir ............................................. | | 5 | 0 | 16 | 0 |
| **Aðrar eignir samtals** | | 1.288 | 140 | 27 | 0 |
| **Eignir samtals** | | 18.205 | 1.978 | 16.522 | 260 |
| **Skuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir........................... | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skuldir við tengd félög.............................. | | 20 | 2 | 28 | 0 |
| Afleiðusamningar .................................... | | 904 | 159 | 7 | 0 |
| Aðrar skuldir ........................................... | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Skuldir samtals** | | 924 | 161 | 35 | 0 |
| Hlutdeildarskírteini .................................. | 12-13 | 17.281 | 1.816 | 16.488 | 260 |
| **Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals** | | 18.205 | 1.978 | 16.522 | 260 |

**A-flokkur:**

| | Sjóður 1A | Sjóður 1B | Sjóður 5 | Sjóður 6 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign ............................................... | 17.281 | 1.816 | 16.488 | 260 |
| Fjöldi eininga, í þúsundum ....................... | 2.646 | 322 * | 2.595 | 231 |
| Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils ................ | 6.531 | 5.359 * | 6.354 | 1.124 |

* Sjóður 1B samanstendur af nokkrum sjóðsdeildum. Fjöldi eininga í þúsundum og gengi greinist þannig:

| | Fjöldi eininga | Gengi |
|---|---|---|
| **Sjóður 1, skuldabréf ....................................** | 323 | 5.359 |
| Sjóðsbréf 1 ............................................. | 4 | 5.359 |
| Sjóðsbréf 3 ............................................. | 1 | 3.691 |
| Sjóðsbréf 4 ............................................. | 2 | 2.539 |
| Vaxtarbréf ............................................... | 11.055 | 3,7800 |
| Valbréf .................................................... | 4.499 | 3,5400 |

| Sjóður 7 | Sjóður 11A | Sjóður 11B | Heimssafn | Ríkissafn | Samtals 30.6.2009 | Samtals 31.12.2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 25.809 | 4.013 | 53 | 0 | 7.653 | 69.665 | 72.601 |
| 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 260 | 382 |
| 0 | 0 | 0 | 1.281 | 0 | 1.281 | 1.250 |
| 0 | 501 | 0 | 0 | 4.981 | 8.488 | 1.276 |
| 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 107 | 107 |
| 25.809 | 4.514 | 53 | 1.281 | 12.635 | 79.801 | 75.616 |
| 515 | 810 | 9 | 2 | 834 | 3.604 | 5.817 |
| 0 | 3 | 0 | 0 | 10 | 34 | 33 |
| 515 | 813 | 9 | 2 | 844 | 3.638 | 5.851 |
| 26.324 | 5.327 | 62 | 1.283 | 13.479 | 83.439 | 81.467 |
| 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| 28 | 0 | 0 | 13 | 14 | 106 | 69 |
| 0 | 241 | 6 | 0 | 0 | 1.318 | 1.311 |
| 2 | 5 | 0 | 0 | 0 | 7 | 49 |
| 30 | 246 | 6 | 13 | 14 | 1.430 | 1.434 |
| 26.293 | 5.081 | 55 | 1.270 | 13.465 | 82.009 | 80.032 |
| 26.324 | 5.327 | 62 | 1.283 | 13.479 | 83.439 | 81.467 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 26.293 | 5.081 | 55 | 1.270 | 13.465 |
| 8.419 | 2.701 | 36 | 948 | 12.355 |
| 3.123 | 1.881 | 1.544 | 1.339 | 1.090 |

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign

## 1. janúar til 30. júní 2009

| | Skýr. | Sjóður 1A | Sjóður 1B | Sjóður 5 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini.............. | | (7.072) | (1.302) | 876 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Seld hlutdeildarskírteini................................................................ | | 0 | 0 | 3.507 |
| Innleyst hlutdeildarskírteini.......................................................... | | 0 | (1.160) | (4.337) |
| | | 0 | (1.160) | (830) |
| Hækkun (lækkun) á hreinni eign | | (7.072) | (2.462) | 46 |
| Hrein eign í ársbyrjun | | 24.352 | 4.279 | 16.441 |
| Hrein eign í lok tímabils | | 17.280 | 1.816 | 16.488 |

| Sjóður 6 | Sjóður 7 | Sjóður 11A | Sjóður 11B | Heimssafn | Ríkissafn | Samtals 2009 1.1.-30.6. | Samtals 2008 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| (81) | 1.303 | (658) | (21) | 155 | 405 | (6.396) | 8.823 |
| 7 | 4.826 | 0 | 0 | 0 | 12.187 | 20.527 | 29.243 |
| (43) | (4.494) | 0 | (72) | (207) | (1.845) | (12.156) | ( 18.867) |
| (35) | 333 | 0 | (72) | (207) | 10.342 | 8.372 | 10.376 |
| (116) | 1.636 | (658) | (93) | (52) | 10.747 | 1.976 | 19.199 |
| 376 | 24.657 | 5.740 | 148 | 1.321 | 2.718 | 80.032 | 70.528 |
| 260 | 26.293 | 5.081 | 55 | 1.270 | 13.465 | 82.008 | 89.727 |

# Yfirlit um fjárfestingar

30. júní 2009

## Sjóður 1A
## Skuldabréf

| | Markaðs-verð | % af hreinni eign |
|---|---|---|
| Íbúðabréf | 3.353 | 19,4% |
| Skipti hf. | 722 | 4,2% |
| Sparisjóður Hafnarfjarðar | 704 | 4,1% |
| Aker Seafoods ASA | 671 | 3,9% |
| Glitnir banki hf. | 657 | 3,8% |
| Clearwater Finance Inc. | 629 | 3,6% |
| Hagar hf. | 592 | 3,4% |
| Havila Shipping ASA | 582 | 3,4% |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | 561 | 3,2% |
| Bakkavör Group hf. | 494 | 2,9% |
| Det Norske Oljeselskap | 396 | 2,3% |
| N-1 hf. | 355 | 2,1% |
| Scandinavian Air SAS | 350 | 2,0% |
| Önnur skuldabréf | 3.752 | 21,7% |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum | 3.006 | 17,4% |
| Afleiðusamningar | 91 | 0,5% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 16.917 | 97,9% |
| Handbært fé | 1.283 | 7,4% |
| Aðrar eignir og skuldir | (919) | ( 5,3%) |
| Hrein eign samtals | 17.281 | 100,0% |

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok júní 2009. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Vegna óvissu um virði margra fjármálagerninga í lok júní voru óháðir aðilar fengnir til aðstoðar við mat á virði þeirra. Þar sem óvissan er mikil um endurheimtuvirði bréfa þeirra fyrirtækja sem farin eru í þrot og virði óseljanlegra bréfa metið út frá rekstraraðstæðum hvers félags er verðmatið á mjög breiðu bili en verðmat á eignum sjóðsins byggir á svartsýnum forsendum um endurheimtur.

Öllum afleiðusamningum sjóðsins var lokað í nóvember 2008. Sjóðurinn hefur lagt fram beiðni til skilanefndar Glitnis banka hf. um að bankinn skuldajafni eignum sjóðsins hjá Glitni banka hf á móti skuldum þannig: Afleiðueign að fjárhæð 133 milljónir króna og skuldabréfaeign að fjárhæð 1.372 milljónir króna komi á móti afleiðuskuldum sjóðsins að fjárhæð 904 milljónir króna. Skv. þessu hafa umræddar fjáreignir verið færðar niður um 601 milljónir króna að teknu tilliti til skuldajöfnunar. Við gerð ársreikningsins hefur sjóðurinn því gert ráð fyrir að geta skuldajafnað á þennan hátt og byggir það m.a. á lögfræðilegri álitsgerð. Verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins er mat þessara fjáreigna annað.

Sjóði 1 var skipt upp á A hluta og B hluta í janúar síðastiðnum. A hlutinn verður starfræktur áfram en lokað er tímabundið fyrir viðskipti í sjóðnum. B hlutinn er í slitaferli, við uppskiptingu sjóðsins voru íbúðabréf í B hluta seld og allt laust fé greitt út. Aðrar eignir B hlutans verða greiddar út á sama hátt eftir því sem þær fást greiddar uns engar eignir verða eftir í eignasafni flokksins.

# Yfirlit um fjárfestingar

30. júní 2009

## Sjóður 1B
## Skuldabréf

| | Markaðs-verð | % af hreinni eign |
|---|---|---|
| Skipti hf. | 127 | 7,0% |
| Sparisjóður Hafnarfjarðar | 124 | 6,8% |
| Aker Seafoods ASA | 118 | 6,5% |
| Glitnir banki hf. | 115 | 6,4% |
| Clearwater Finance Inc. | 111 | 6,1% |
| Hagar hf. | 104 | 5,7% |
| Havila Shipping ASA | 102 | 5,6% |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | 99 | 5,4% |
| Bakkavör Group hf. | 87 | 4,8% |
| Det Norske Oljeselskap | 70 | 3,8% |
| N-1 hf. | 62 | 3,4% |
| Scandinavian Air SAS | 62 | 3,4% |
| Önnur skuldabréf | 642 | 35,3% |
| Afleiðusamningar | 16 | 0,9% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 1.838 | 101,2% |
| Handbært fé | 140 | 7,7% |
| Aðrar eignir og skuldir | (161) | ( 8,9%) |
| Hrein eign samtals | 1.816 | 100,0% |

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok júní 2009. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Vegna óvissu um virði margra fjármálagerninga í lok júní voru óháðir aðilar fengnir til aðstoðar við mat á virði þeirra. Þar sem óvissan er mikil um endurheimtuvirði bréfa þeirra fyrirtækja sem farin eru í þrot og virði óseljanlegra bréfa metið út frá rekstraraðstæðum hvers félags er verðmatið á mjög breiðu bili en verðmat á eignum sjóðsins byggir á svartsýnum forsendum um endurheimtur.

Öllum afleiðusamningum sjóðsins var lokað í nóvember 2008. Sjóðurinn hefur lagt fram beiðni til skilanefndar Glitnis banka hf. um að bankinn skuldajafni eignum sjóðsins hjá Glitni banka hf á móti skuldum þannig: Afleiðueign að fjárhæð 23 milljónir króna og skuldabréfaeign að fjárhæð 241 milljónir króna komi á móti afleiðuskuldum sjóðsins að fjárhæð 159 milljónir króna. Umræddar fjáreignir hafa verið færðar niður um 105 milljónir króna að teknu tilliti til skuldajöfnunar. Við gerð ársreikningsins hefur sjóðurinn því gert ráð fyrir að geta skuldajafnað á þennan hátt og byggir það m.a. á lögfræðilegri álitsgerð. Verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins er mat þessara fjáreigna annað.

Sjóði 1 var skipt upp í A hluta og B hluta í janúar síðastiðnum. A hlutinn verður starfræktur áfram en lokað er tímabundið fyrir viðskipti í sjóðnum. B hlutinn er í slitaferli, við uppskiptingu sjóðsins voru íbúðabréf í B hluta seld og allt laust fé greitt út. Aðrar eignir B hlutans verða greiddar út á sama hátt eftir því sem þær fást greiddar uns engar eignir verða eftir í eignasafni flokksins.

# Yfirlit um fjárfestingar

30. júní 2009

## Sjóður 5
## Íslensk ríkisskuldabréf

| | Markaðs- verð | % af hreinni eign |
|---|---|---|
| Íbúðabréf | 11.716 | 71,1% |
| Önnur ríkisskuldabréf | 4.779 | 29,0% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 16.495 | 100% |
| Handbært fé | 11 | 0,1% |
| Aðrar eignir og skuldir | (19) | ( 0,1%) |
| Hrein eign samtals | 16.488 | 100,0% |

## Sjóður 6
## Aðallistinn

| | Nafnverð/ hlutir* | Markaðs- verð | % af hreinni eign |
|---|---|---|---|
| Össur hf | 1 | 70 | 26,8% |
| Marel hf. | 1 | 44 | 16,8% |
| Foeroya Banki P/F | 0 | 42 | 16,2% |
| Alfesca hf. | 8 | 35 | 13,6% |
| Önnur félög | - | 70 | 26,8% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | | 260 | 100,1% |
| Handbært fé | | 0 | 0,0% |
| Aðrar eignir og skuldir | | (0) | ( 0,1%) |
| Hrein eign samtals | | 260 | 100,0% |

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok júní 2009. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

# Yfirlit um fjárfestingar

30. júní 2009

## Sjóður 7
## Löng ríkisskuldabréf

| | Markaðs- verð | % af hreinni eign |
|---|---|---|
| Íbúðabréf | 21.702 | 82,5% |
| Önnur ríkisskuldabréf | 4.107 | 15,6% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 25.809 | 98,2% |
| Handbært fé | 515 | 2,0% |
| Aðrar eignir og skuldir | (0) | ( 0,1%) |
| Hrein eign samtals | 26.293 | 100,0% |

## Sjóður 11A
## Fyrirtækjabréf

| | Markaðs- verð | % af hreinni eign |
|---|---|---|
| Íbúðabréf | 1.959 | 38,6% |
| Landsvirkjun | 424 | 8,3% |
| Skipti hf. | 190 | 3,7% |
| Spölur hf. | 155 | 3,0% |
| N1 hf. | 146 | 2,9% |
| Havila Shipping ASA | 145 | 2,9% |
| Aker Seafoods ASA | 110 | 2,2% |
| Glitnir banki hf. | 100 | 2,0% |
| Clearwater Finance Inc | 99 | 2,0% |
| Det Norske Oljeselskap | 91 | 1,8% |
| Nordiska Investeringsbanken | 83 | 1,6% |
| Önnur skuldabréf | 511 | 10,1% |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum | 501 | 9,9% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 4.514 | 88,8% |
| Handbært fé | 810 | 15,9% |
| Aðrar eignir og skuldir | (243) | ( 4,8%) |
| Hrein eign samtals | 5.081 | 100,0% |

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok júní 2009. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Vegna óvissu um virði margra fjármálagerninga í lok júní voru óháðir aðilar fengnir til aðstoðar við mat á virði þeirra. Þar sem óvissan er mikil um endurheimtuvirði bréfa þeirra fyrirtækja sem farin eru í þrot og virði óseljanlegra bréfa metið út frá rekstraraðstæðum hvers félags er verðmatið á mjög breiðu bili en verðmat á eignum sjóðsins byggir á svartsýnum forsendum um endurheimtur.

Öllum afleiðusamningum sjóðsins var lokað í nóvember 2008. Sjóðurinn hefur lagt fram beiðni til skilanefndar Glitnis banka hf. um að bankinn skuldajafni eignum sjóðsins hjá Glitni banka hf á móti skuldum þannig: Afleiðueign að fjárhæð 39 milljónir króna og skuldabréf í Glitni banka hf. að fjárhæð 95 milljónir króna komi á móti afleiðuskuldum sjóðsins að fjárhæð 280 milljónir króna. Við gerð ársreikningsins hefur sjóðurinn því gert ráð fyrir að geta skuldajafnað á þennan hátt og byggir það m.a. á lögfræðilegri álitsgerð. Verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins er mat þessara fjáreigna annað.

Sjóði 11 var skipt upp í A hluta og B hluta í janúar síðastiðnum. A hlutinn verður starfræktur áfram en lokað er tímabundið fyrir viðskipti í sjóðnum. B hlutinn er í slitaferli, við uppskiptingu sjóðsins voru íbúðabréf í B hluta seld og allt laust fé greitt út. Aðrar eignir B hlutans verða greiddar út á sama hátt eftir því sem þær fást greiddar uns engar eignir verða eftir í eignasafni flokksins.

## Sjóður 11B
## Fyrirtækjabréf

| | Markaðs-verð | % af hreinni eign |
|---|---|---|
| Landsvirkjun | 11 | 19,7% |
| Skipti hf. | 5 | 8,8% |
| Spölur hf. | 4 | 7,2% |
| N1 hf. | 4 | 6,8% |
| Havila Shipping ASA | 4 | 6,7% |
| Aker Seafoods ASA | 3 | 5,1% |
| Glitnir banki hf. | 3 | 4,7% |
| Clearwater Finance Inc | 3 | 4,6% |
| Det Norske Oljeselskap | 2 | 4,2% |
| Nordiska Investeringsbanken | 2 | 3,8% |
| Önnur skuldabréf | 13 | 23,7% |
| Heildarverðmæti fjárfestinga | 53 | 95,3% |
| Handbært fé | 9 | 16,0% |
| Aðrar eignir og skuldir | (6) | ( 11,3%) |
| Hrein eign samtals | 55 | 100,0% |

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok júní 2009. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Vegna óvissu um virði margra fjármálagerninga í lok júní voru óháðir aðilar fengnir til aðstoðar við mat á virði þeirra. Þar sem óvissan er mikil um endurheimtuvirði bréfa þeirra fyrirtækja sem farin eru í þrot og virði óseljanlegra bréfa metið út frá rekstraraðstæðum hvers félags er verðmatið á mjög breiðu bili en verðmat á eignum sjóðsins byggir á svartsýnum forsendum um endurheimtur.

Öllum afleiðusamningum sjóðsins var lokað í nóvember 2008. Sjóðurinn hefur lagt fram beiðni til skilanefndar Glitnis banka hf. um að bankinn skuldajafni eignum sjóðsins hjá Glitni banka hf á móti skuldum þannig: Afleiðueign að fjárhæð 1 milljón króna og skuldabréf í Glitni banka hf. að fjárhæð 3 milljónir króna komi á móti afleiðuskuld sjóðsins að fjárhæð 7 milljónir króna. Við gerð ársreikningsins hefur sjóðurinn því gert ráð fyrir að geta skuldajafnað á þennan hátt og byggir það m.a. á lögfræðilegri álitsgerð. Verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins er mat þessara fjáreigna annað.

# Yfirlit um fjárfestingar

## 30. júní 2009

Sjóði 11 var skipt upp í A hluta og B hluta í janúar síðastiðnum. A hlutinn verður starfræktur áfram en lokað er tímabundið fyrir viðskipti í sjóðnum. B hlutinn er í slitaferli, við uppskiptingu sjóðsins voru íbúðabréf í B hluta seld og allt laust fé greitt út. Aðrar eignir B hlutans verða greiddar út á sama hátt eftir því sem þær fást greiddar uns engar eignir verða eftir í eignasafni flokksins.

### Heimssafn
### Erlend hlutabréf

| | Hlutir | Markaðs-verð | % af hreinni eign |
|---|---|---|---|
| Vanguard Global Stock Index Fund ........................... | 174.557 | 239 | 18,8% |
| Skagen Global Fund ................................................ | 16.877 | 202 | 15,9% |
| Sparinvest - Global Value Fund I ............................... | 9.055 | 193 | 15,2% |
| Glitnir FIM Mondo institutional .................................. | 160.839 | 187 | 14,8% |
| Vanguard Global Enhanced Equity Fund .................. | 22.254 | 183 | 14,4% |
| Aðrir sjóðir ................................................................. | | 277 | 21,8% |
| **Heildarverðmæti fjárfestinga** | | **1.281** | **100,9%** |
| Handbært fé ...................................................................... | | 2 | 0,1% |
| Aðrar eignir og skuldir .................................................... | | (13) | ( 1,0%) |
| **Hrein eign samtals** | | **1.270** | **100,0%** |

### Ríkissafn
### Ríkisskuldabréf og innlán fjármálastofnana

| | Markaðs-verð | % af hreinni eign |
|---|---|---|
| Ríkisskuldabréf ............................................................................ | 7.653 | 56,8% |
| Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ...................................................... | 4.981 | 37,0% |
| **Heildarverðmæti fjárfestinga** | **12.635** | **93,8%** |
| Handbært fé ................................................................................. | 834 | 6,2% |
| Aðrar eignir og skuldir ................................................................... | (4) | ( 0,0%) |
| **Hrein eign samtals** | **13.465** | **100,0%** |

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Árshlutareikningur Verðbréfasjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum. Sjóðirnir eru hluti af Íslandssjóðum hf., sem er dótturfélag Íslandsbanka hf., og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningur sjóðanna er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok júní 2009. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn miðað við virka vexti.

### *Arður*

4. Arður er tekjufærður þegar krafa um hann myndast. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi.

### *Umsýsluþóknun*

5. Sjóðirnir greiða Íslandssjóðum hf. umsýsluþóknun sem innifelur laun starfsmanna félagsins, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðanna. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs, sem hér greinir:

| | | | Hámarksþóknun | |
|---|---|---|---|---|
| | Flokkur A | Flokkur B | Flokkur A | Flokkur B |
| Sjóður 1, skuldabréf | 1,0% | - | 1,5% | 1,0% |
| Sjóður 5, íslensk ríkisskuldabréf | 0,9% | - | 1,5% | 1,0% |
| Sjóður 6, aðallistinn | 0,8% | - | 1,5% | 1,0% |
| Sjóður 7, löng ríkisskuldabréf | 0,9% | - | 1,5% | 1,0% |
| Sjóður 11, fyrirtækjabréf | 0,8% | - | 1,5% | 1,0% |
| Heimssafn, erlend hlutabréf | 1,0% | - | 2,5% | 2,0% |
| Ríkissafn | 0,7% | - | 0,7% | 0,4% |

Til viðbótar framangreindri þóknun greiða sjóðirnir hlutdeild í sameiginlegum kostnaði rekstrarfélagsins og sjóðanna.

### *Fjárfestingar*

6. Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok júní 2009. Virði annarra skuldabréfa er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu, áætluðu endurheimtuhlutfalli og aðstæðum á markaði í árslok. Vegna óvissu um virði óskráðra skuldabréfa og skuldabréfa sem ekki hafa virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði voru óháðir aðilar fengnir til aðstoðar við mat á virði þeirra.

